



SAMORKA
Samtök raforku-, hita- og vatnsveitna

Alþingi
Erindi nr. P 126/2813
komudagur 6.9.2001

Alþingi - Iðnaðarnefnd
Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 3. september 2001

Efni: Umsögn um frumvarp til raforkulaga.

Samorka eru samtök orku- og veitufyrirtækja. Umsögn sú sem hér á eftir fer er sameiginleg umsögn allra raforkufyrirtækja landsins. Ekki er fjallað um efni þar sem aðildarfélagi samtakanna greinir á, né heldur gerðar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins heldur vísað til umsagna einstakra raforkufyrirtækja.

Almennt um frumvarpið:

Í frumvarpinu eru lagðar til umtalsverðar breytingar á skipan raforkumála. Áhrif þessa munu verða mjög viðtæk svo að þeirra mun gæta á flestum sviðum þjóðlífsins. Þess vegna er mjög mikilvægt að stefnan sé það skýr að augljóslega megi greina tilganginn. Í frumvarpinu er markmiðssetning hinsvegar mjög óljós. Koma þarf skýrt fram með markmiðum hver tilgangurinn sé. Ef tilgangurinn er afmarkaður við meginákvæði fyrsta kafla virðist nokkuð mikið í lagt með framhaldið.

Breytingunum er ætlað m.a. að koma notendum til góða með lægra orkuverði. Við teljum að fullrar aðgæslu sé þörf þar sem gert er ráð fyrir aðskilnaði rekstrarþátta og bendum á að slíkt geti leitt í öfuga átt og valdið hækkun raforkuverðs.

Við teljum að ákvæði um þjóðhagslega hagkvæmni sé ekki líklegt til þess að ná fram hagkvæmnisáhrifum frjáls markaðar í samkeppnisumhverfi. Einnig viljum við vekja athygli á því að slíkt ákvæði skapa möguleika til "handstýringar" sem er í andstöðu við tilgang ESB sem liggur að baki setningu innri raforkumarkaðar.

Leyfisveitingaákvæði ráðherra eru mjög viðtæk og mun meiri en í öðrum greinum viðskipta- og atvinnulífsins. Efast má um þörf fyrir slíka stýringu stjórnvalda.

Virkjanaleyfi á að vera ótímabundið. Hinsvegar á að gera þær sjálfsögðu kröfur til þeirra sem reka virkjanir að allir hlutir séu í góðu lagi og ef svo er má halda rekstrinum áfram án tímatakmarkana. Forgangsákvæði til nýtingu einstakra orkulinda og orkuforma eru varasöm og gætu hugsanlega þröngvað aðilum til þess að nýta óhagkvæmari kosti. Heimild til endurskoðunar virkjunarleyfis getur verið vandmeðfarinn og ekki heppilegt að ráðherra hafi jafn opna heimild til slíks og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þá er einnig ótímabært við veitingu virkjanaleyfis að krefjast sammings um tengingu við dreifikerfi.

Gæta þar fyllstu varkárni við setningu skuldbindandi ákvæða fyrir rekstri flutnings- og dreifikerfa svo sem ákvæði um útvegum varafils vegna truflana. Slík ákvæði verða að vera með þeim hætti að unnt sé að uppfylla þau.

Þar sem tilgreindar eru sérstaklega skyldur sölufyrirtækja er ekki óeðlilegt að samskipti þeirra við framleiðslu-, flutning- og dreififyrirtæki, svo sem um ábyrgðir og afhendingarskyldu séu gerð betri skil. Ekki er séð hverjum uppsagnarákvæði sölusamninga muni hugnast best á endanum, því er rétt að gæta varúðar við setningu tímamarka þeirra.

Opinbert eftirlit sem og allt ytra eftirlit hefur tilhneigingu til þess að þenjast út sökum þess að sá sem framkvæmir eftirlitið hefur ekki sömu skoðun á umfangi þess og kostnaði og sá er það beinist að. Miðað við það áætlaða umfang ytra eftirlits sem fram kemur í frumvarpin er sérstök ástæða til þess að benda á að í **Reglugerð um eftirlitsreglur hins opinbera nr. 812 1999**, 9. gr. 3. málsg. segir eftirfarandi:

”Við val á eftirlitsaðferð skal jafnan miða við að opinber afskipti verði eins takmörkuð og unnt er og dregið verði úr beinni ábyrgð hins opinbera á eftirliti en þess í stað lögð áhersla á ábyrgð þeirra einstaklinga og fyrirtækja sem eftirlitið beinist að.... ”

Mjög mikilvægt er að meginstefnan sé að eftirlit verði innra eftirlit.

Rétt er að benda á að tengsl Orkustofnunar við þá aðila sem eftirlitið á að beinast að eru veruleg og ekki ólíklegt að ætla megi hættu á hagsmunaárekstrum.

Rétt er að eftirlitskostnaður miðist við raunkostnað. Kostnaðurinn gæti verið tvíþættur: Í fyrsta lagi grunnkostnaður sem allir taka þátt í og er ætlað að annast kostnað vegna yfirstjórnar og úttækta eftirlitsins; Í öðru lagi kostnað sem hlýst af auknu eftirliti vegna þeirra sem ekki hafa komið á nægilega virku innra eftirliti. Nauðsynlegt er að í gjaldtökunni felist hvati til aðila að koma á innra eftirliti.

Að endingu eru nokkur atriði sem við teljum að vanti í frumvarpið:

Þætti innheimtumála er ekki gert hátt undir höfði.

Ákvæði vantar um ábyrgð, skil milli flutnings, dreifingar og sölu.

Ekki eru nein ákvæði um neytendavernd, sem værl þó ekki óeðlilegt í lögum sem þessum.

Verulega vantar á að raforka sé skilgreind sem verslunarvara eins og nauðsynlegt er í samkeppnisumhverfi.

Með bestu kveðju

F.h. Samorku



Eiríkur Bogason, framkvæmdastjóri